



## Sveitarstjóri á Svalbarðsströnd


Sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur leitar að öflugum einstaklingi í starf sveitarstjóra. Leitað er að kraftmiklum, jákvæðum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að taka við skemmtilegum og krefjandi verkefnum. Rík áhersla er á framgang nýs hverfis sem og áframhaldandi lagningu göngu- og hjólastígs um sveitarfélagið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og nefnda
- Yfirumsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum
- Samskipti og upplýsingagjöf til íbúa sveitarfélagsins
- Að gæta hagsmuna Svalbarðsstrandar og vera talsmaður sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og annarra nefnda
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök og fyrirtæki
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

### Hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Farsæl reynsla af stjórnun, mannauðsmálum og stefnumótun
- Góð rekstrar- og kostnaðarvitund
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum og ímynd
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Menntun sem nýtist í starfi



Sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur er á Svalbarðsströnd, undir hlíðum Vaðlaheiðar við austanverðan Eyjafjörð. Íbúar sveitarfélagsins eru um 450 og býr um helmingur þeirra í þéttbýlinu Svalbarðseyri sem er á miðri Svalbarðsströndinni. Í þéttbýlinu er grunn- og leikskóli, íþróttastaða, sundlaug og skrifstofa hreppsins. Í grunnskólanum Valsárskóla eru um 50 nemendur og um 40 nemendur í leikskólanum Álfaborg. Ungbarnadeild er við leikskólann þar sem börn eru tekin inn frá 9 mánaða aldri.

Svalbarðsströnd er útivistarparadís þar sem strandlengjan, sjórinn og heiðin bjóða upp á óteljandi möguleika til útivistar. Hafin er gerð göngu- og hjólastígs um sveitarfélagið sem tengir Svalbarðsströnd enn frekar við nágrannasveitarfélögin en öflugt samstarf er milli sveitarfélaganna við Eyjafjörðinn. Svalbarðsstrandarhreppur er í örur vexti og þar rís nú nýtt hverfi við sjávarsíðuna þar sem njóta má fjölbreytts fuglalífs og stórkostlegs útsýnis.



Sótt er um störf  
á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Nánari upplýsingar veitir: Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með **19. júní nk**. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.